

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, nr. 118/2011.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis, sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,08% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B- og C-flokki.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisparfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2018 eru kr. 12,50 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga fyrir árið 2018 er:

Mælar minni en 50 mm kr. 7.100

Mælar stærri en 50 mm kr. 28.100

Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, 14. desember 2017.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2018